

Efnahags- og viðskiptanefnd

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 3. desember 2018

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, 301. mál.


Vísað er til töluvpósts frá efnahags- og viðskiptanefnd, sendur þann 16. nóvember sl. þar óskað var umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki (skattfrádráttur vegna hlutabréfakaupa, skattfrádráttur nýsköpunarfyrirtækja), 301. mál.

Nasdaq Iceland, Kauphöllin, fagnar framlagningu frumvarpsins og styður framgang þess. Kauphöllin tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með frumvarpinu að sú einföldun á fyrirkomulagi ívilnunar sem frumvarpið gerir ráð fyrir auki líkur á að fleiri einstaklingar nýti sér hana. Nái frumvarpið fram að ganga mun það því að mati Kauphallarinnar styðja við stefnu stjórnvalda um bætt aðgengi nýsköpunarfyrirtækja og smærri fyrirtækja í vexti að fjármagni.

Af þessu tilefni vill Kauphöllin jafnframt hvetja Alþingi til að taka til skoðunar hvort ekki rétt sé rétt að taka upp skattaafslátt einstaklinga vegna hlutabréfakaupa, þ.e. skattaafslátt vegna fjárfestinga almennings í efnahagslífinu, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Álitur Kauphöllin að það geti stutt við framangreinda stefnu stjórnvalda um aðgengi smærri fyrirtækja að fjármagni og einnig aukið fjölbreytni fjárfestingarkosta fyrir almennig. Öll hin Norðurlöndin hafa nú þegar innleitt eða hafa í hyggju að innleiða ívilnanir til einstaklinga vegna verðbréfakaupa. Kauphöllin telur að nauðsynlegt sé fyrir íslenskt atvinnulíf að fyrir hendi séu skattalegir hvatar sem hvetja almennig til að taka þátt í atvinnulífinu sem um leið gæti aukið hag fyrirtækja í landinu, búið til ný störf, aukið hagvöxt og þar með hag ríkissjóðs.

Kauphöllin hefur ekki frekari athugasemdir við frumvarpið og er fús til frekari umræðu og samstarfs um ofangreint mál.

Virðingarfyllt,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Arnína S.K.'.

Árnína Steinunn Kristjánsdóttir,

yfirlögfræðingur Nasdaq á Íslandi.